

Alþingi – nefndarsvið
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/452
komudagur 25.11.2011

Reykjavík, 25. nóvember 2011.

Efni. Tillaga til þingsályktunar um reglur um skilaskyldu á ferskum matvælum – 34. mál.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið nefnda þingsályktunartillögu til umsagnar.

Samtökin gæta varhug við þeirri hugsun sem hér er á ferðinni. Í samningum framleiðenda og verslunarfyritækja geta bæði verið ákvæði um skilaskyldu og öfugt. Svo hefur verið um langa hríð. Samningar aðila eru að öðru leyti með ýmsu móti, m.a. því að framleiðendur sjá sjálfir um að fylla á í verslunum og stýra þar með magni vöru, eins og raunar er bent á í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Samtökin telja því afar mikilvægt að samningsfrelsi í þessum viðskiptum sem öðrum sé ekki takmarkað með valdboði að ofan.

Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að hafa í huga eðli viðskipta með ferskar matvörur. Í þeim viðskiptum er einhver rýrnun óumflýjanleg. Samkvæmt upplýsingum frá aðildarfyritækjum SVP er t.d. algengt að rýrnun kjötvara sé á milli 2 og 4%. Líklegt má telja að í viðskiptum aðila sé gert ráð fyrir þessari rýrnun og slíkt sé því með einhverjum hætti innifalið í umsömdu verði fyrir vöruna.

Í greinargerð með tillögunni er sagt að mjög mikilvægt sé að um þessi mál gildi samngjarnar leikreglur sem tryggi samkeppnisstöðu innlendra framleiðslu, ekki síst þar sem gríðarleg samþjöppun hefur átt sér stað í matvöruverslun hér á landi, þar sem tvær verslunarkedjur ráða drjúgum hluta markaðarins. Að mati samtakanna er margt sem bendir til að stór hluti framleiðenda sé ekki andvígur því að skilaréttur gildi, a.m.k. hafa einstakir framleiðendur staðfest það. Telja verður því að flestir í þessari atvinnugrein, eins og öðrum, vilji viðhalda samningsfrelsi í viðskiptum sínum.

Samtökin telja mikilvægt að eftirláta þar til bærum yfirvöldum að hafa eftirlit með því hvort óeðlilegir viðskiptahættir viðgangist á mörkuðum. Að því er varðar matvörumarkaðinn má fullyrða að hann sé sá markaður sem býr við mest eftirlit allra markaða af hálfu samkeppnisyfirvalda. Má í því sambandi benda á að í skýrslu Samkeppniseftirlitsins „Samkeppni eftir hrún“ sem gefin var út s.l. sumar, segir að stórum hluta af tíma eftirlitsins verði hér eftir sem hingað til verið í eftirlit með matvörumarkaðnum.

Í þessari sömu skýrslu Samkeppniseftirlitsins er lýst yfir áhyggjum yfir stöðu samkeppnismála á markaði fyrir kjöt og egg og sagt að verulega skorti á að samkeppnisaðstæður séu í viðunandi horfi á þeim mörkuðum. Þar er beinlínist sagt að veruleg samþjöppun hafi orðið á kjötmarkaði frá árinu 2008 m.a. með yfirtöku Stjórnugriss á tveimur svínabúum sem komust undir yfirråd eins viðskiptabankans. Undir þetta sjónarmið taka samtökin en þau hafa bæði í ræðu og riti gagnrýnt þá miklu samþjöppun sem orðið hefur á kjötmarkaði að undanförmu, með tilheyrandi hækkunum á kjötvörum, en verð á

kjötvörum frá framleiðendum hefur hækkað um að jafnaði 20 til 35% á sl. 18 mánuðum sem er langt umfram almenna verðlagsþróun á sama tíma.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið telja SVP ekki ástæðu til að samþykkja þessa tillögu til þingsályktunar.



Virðingarfyllst,

f.h. SVP

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.